

Reykjavík, 20. júní 2019  
SFS2019050093  
163. fundur  
sh/ka/fbj

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skúli Helgason, Katrín Atladóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir

---

**Efni:** *Þátttaka Reykjavíkurborgar á fundinum Borgir framtíðar sem haldinn var í London dagana 6. og 7. júní 2019.*

Dagana 6. og 7. júní síðastliðinn stóðu fræðslufyrirvöld í London fyrir vinnusmiðju og fundi undir hatti verkefnisins „Borgir framtíðar“ (e. Cities of the Future). Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs, Katrín Atladóttir borgarfulltrúi og Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra Nýsköpunarmiðju á skóla- og frístundasviði sóttu fundinn fyrir hönd Reykjavíkur.

Á þessum fyrsta fundi af þremur sem skipulagðir verða til ársins 2021 var boðið fulltrúum 6 borga í Evrópu sem eru auk Reykjavíkur, Bamberg í Þýskalandi, Eindhoven í Hollandi, Linz/Vínarborg í Austurríki, Nacka í Svíþjóð og Oulu í Finnlandi. Þá voru þáttakendur frá Írsku og bresku borgunum Belfast, Bristol, Cardiff, Dundee, London og Newcastle. Á undirbúningsfundi með verkefnastjóra verkefnisins Anne Bamford sem halinn var 6. júní kom fram að þessar borgir hefðu verið valdar mjög markvisst enda væru þær borgir þar sem væru mikil tengsl á milli menntunar, atvinnulífs, menningar og sköpunar. Í þessum borgum er horft fram á við og leitast við að skapa skýra sýn á hvað þarf til að þróa hæfni til framtíðar þar sem siðferði og sjálfbærni í félagslegu samhengi eru í forgrunni. Dr. Bamford stýrði fundunum báða dagana og mun leiða verkefnið næstu tvö ár til viðbótar en fyrirhugað er að halda næsta fund 19. júní 2020 og þann þriðja og síðasta ári síðar. Fundirnir verða allir haldnir í London og er stefnt að því að þáttökuborgunum fjölgi um helming á næsta ári og verða átján síðasta árið.

Á undirbúningsfundinum 6. júní var farið yfir verkefnið og greint frá því hvernig val á borgunum kom til. Þá kynntu borgirnar sig og fengu það verkefni að útbúa örkyningu (2 mín) fyrir vinnusmiðjuna daginn eftir. Fulltrúar borganna komu úr mjög ólíkum áttum, allt frá því að vera sjálfstætt starfandi „borgarbúi“ eins og fulltrúnn frá Vín kynnti sig og yfir í það að vera fulltrúar frá menningarsviðum borga, menntunarsviðum, kennaramenntun, háskólum og nýsköpunardeildum. Dr. Bamford lagði mikla áherslu á að allir þeir sem kæmu til fundarins báða dagana væru þar á sinn eigin kostnað, þátttaka borganna væri ekki fjármögnuð af verkefninu og það sama gildi fyrir næstu tvö ár. Þrátt fyrir það væri óskað eftir þátttöku borganna næstu tvö ár en áhugi væri fyrir því að senda fleiri fulltrúa frá hverri borg að ári.

Vinnusmiðjan þann 7. júní var haldinn í glæsilegum sal gamla bókasafnsins í Guildhall London sem staðsett er í miðju fjármálhverfi Londonborgar „City“ og á menningarmílunni „Cultural mile“ en staðsetningin var kannski táknað fyrir sögulegt samhengi, menningu, skapandi starf, mannlíf og atvinnulíf. Auk þátttakenda frá borgunum sem hér voru taldar upp fyrir ofan var boðið fulltrúum Londonborgar úr atvinnulífinu, lista og menningarlífi, kennurum af ólíkum

skólastigum og úr fjölbreyttum skólum, þriðja geiranum og ungmennum. Auk þess var boðið þátttakendum úr frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtækjum. Dr. Bamford leiddi fundinn en naut aðstoðar bresks tónlistarmanns sem skreytti dagskrána með hljóðfæraleik og ljóðskálds sem tók þátt í dagskránni, las með reglulegu millibili ljóð innblásin af kynningum og samræðum þátttakenda og klykkti út með því að efna til víkingaklapps með þátttöku fundargesta í framhaldi af kynningu íslensku sendinefndarinnar! Samantekt frá fundinum, yfirlit yfir þátttakendur og ljóðasafnið verða send þátttakendum í ágúst. Dagskrá fundarins má sjá í fylgiskjali.

Við undirbúning verkefnisins fengu borgaryfirvöld í London [NESTA, samtök sem sérhæfa sig í nýsköpun](#) til að vinna rannsókn á því hvaða lykilhæfni þyrfti að tileinka sér á vinnumarkaði framtíðarinnar. Niðurstöður NESTA eru teknar saman í 12 atriðum undir yfirheitinu „Fusion Skills“ sem mætti á íslensku kalla færni til samvirkni og samruna. Þessir hæfnipættir eru: samskiptafærni/færni til að tjá sig í töluðu og rituðu máli, samstarfshæfni/teymisvinna, frumkvæði, lausnarleit, skipulagshæfni, aðlögunarhæfni, sjálfstæði/sjálfræði, gagnrýnin hugsun, þrautseigja/seigla, sköpun, hæfni til að greina og meta.

Meginmarkmiðið með vinnusmiðjunni þann 7. júní var að kynna ofangreinda þætti og skapa samtál um það hvað þyrfti að gera til þess að innleiða þá í menntun og samfélagsþróun. Grundvöllur að hæfni nemenda er lagður í skólastarfinu en sú vinna þarf að samræmast þeim hæfnipáttum sem vinnumarkaðurinn og samfélagið kallar eftir. Í því sambandi er talað um „Transferrable skills“. Áætlað er að verkefnið styðji við þróun matstækis skólar geta nýtt til að meta hvernig þeir vinna að því að efla færni nemenda á þessum sviðum. Þegar hafa stórar stofnanir eins og OECD og PISA hafist handa við að endurskoða matstæki sín til að meta betur þessa grundvallarhæfnipætti. Markmiðið með fundinum var ennfremur að þróa áhrifamikið tengslanet borga þar sem eru glögg tengsl á milli menntunar, atvinnulífs og menningar og skapandi greina, valdefla þátttakendur til þess að byggja upp nýja þekkingu og skapa sterk sambönd og tengsl.

Lotur vinnusmiðjunnar byggðu á hæfnipáttunum eins og sést í meðfylgjandi dagskrá. Hver lota hófst á stuttri kveikju þar sem ákveðnir aðilar höfðu verið beðnir að undirbúa örkyningu á þeim verkefnum sem þeir eru að vinna að og tengjast á einhvern hátt hæfnipáttunum tólf. Verkefnin voru mjög ólík að innihaldi og víðfeðm en hverfðust öll á einhvern hátt um menntun, menningu, sköpun og atvinnulíf. Í flestum verkefnum var verið að þróa leiðir til að mæta áskorunum eða flækjum samtímans „disruptors“ á sviði sjálfbærni, umhverfismála, stafrænnar tækni og samfélagsbreytinga. Í hverri lotu voru síðan umræður og verkefni sem þátttakendur unnu að á fjölbreyttan hátt. Um miðbik dagsins kynntu þátttökuborgirnar sex sínar áherslur og sá Skúli Helgason um kynningu á Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Fríða Bjarney sagði frá þátttöku fjórðubekkinga á Barnamenningarhátíð við að semja texta lagsins „Draumar geta ræst“. Vakti kynningin athygli bæði hversu nátengdir grundvallarþættir Menntastefnu eru „fusion skills“ og einnig það hvernig tekist hafði að tengja menntastefnuna við drauma barna, sköpun og barnamenningu.

Það sem okkur reykvísku fulltrúunum þótti standa helst upp úr eftir daginn, auk fjölmargra hugmynda sem kviknuðu eftir kynningar á verkefnum, var þessi ákvörðun skipuleggjenda að kalla saman fulltrúa atvinnulífsins, menningarmála, sköpunar og menntageirans. Afar áhugavert væri að skapa sambærilegan vettvang í Reykjavík til þess að ræða með hvaða hætti skóla- og frístundastarf borgarinnar geti unnið markvisst að því að efla þá hæfni sem liggur til grundvallar atvinnu- og samfélagsþróun á 21. öldinni með því að nýta sér krafta úr menningar-, nýsköpunargeira og atvinnulífi borgarinnar. Þá vakti líka athygli hversu mikil áhersla var lögð á að skoða hvernig upplýsingatækni annarsvegar og siðferðislegir þættir hinsvegar er

undirliggjandi og skarast á við nánast öll verkefni sem kynnt voru. Aldrei má gleyma mennskunni, mannkostunum og siðferðiskenndinni þegar verið er að skipuleggja og vinna að verkefnum. Manneskjan á alltaf að vera í fyrirrúmi en þarfir hennar og möguleikar til þátttöku móta grunninn að sjálfbæru samfélagi.

Við fulltrúar Reykjavíkurborgar vorum stolt yfir því að borgin skyldi vera valin ein þeirra sex borga sem hefja samtalið um hæfni til framtíðar. Það var mikill heiður að kynna Menntastefnuna „Látum draumana rætast“ enda fengum við skýrar vísbendingar um að hún væri afar framsýn og í takt við alþjóðlega þróun í menntamálum. Við teljum mikilvægt að Reykjavíkurborg taki ákvörðun um að halda áfram að tengjast verkefninu „Cities of the future“ en með því skapast vettvangur til að vera með í þróun matstækja og verkefna sem tengja saman menntun, menningu og atvinnulíf og horfa til framtíðar.